

## Stofnunarsamning

Stofnunarsamningur þessi telst hluti af kjarasamningi FÍN og Reykjalundar frá 27. júní 2005 sem tekur mið af 11. kafla kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 26. júlí 2001 og samkomulagi um breytingar á þeim samningi frá 18. mars 2005.

### 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra starfsmanna á Reykjalundi sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi FÍN.

### 2. Markmið stofnanasamnings.

Með gerð stofnanasamnings stefna samningsaðilar að eftirfarandi markmiðum:

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunar, hvetji til árangurs og að starfsmenn getið aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunar og verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna afkasta.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynja. Konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.
- Að leitast verði við að umbuna starfsmönnum sérstaklega t.d. með því að tengja tilteknar launagreiðslur árangri í starfi.

### 3. Röðun starfa í launaflokka.

Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsingar skulu liggja til grundvallar við röðun.

Við röðun starfs í launaflokka skal litið til eftirfarandi þátta:

- Kröfu um tiltekna lágmarksmenntun sem þarf til að gegna starfi.
- Stöðu starfs samkvæmt starfslýsingu (stöðugt/viðvarandi verksvið).
- Stöðu starfs samkvæmt starfsheiti.
- Verkefnalegrar umsjónar og ábyrgðar sem fylgir starfi (stöðugt/viðvarandi verksvið).
- Stjórnunarlegrar ábyrgðar og mannaforráða sem fylgir starfi (stöðugt/viðvarandi verksvið).

Störfum náttúrufræðinga á Reykjalundi er með hliðsjón af þessu grunnraðað þannig:

Náttúrufræðingur	launaflokkur 8
Yfirnáttúrufræðingur	launaflokkur 13

### 4. Áhrif persónbundinna þátta umfram lágmarksröðun

Til viðbótar þeim þáttum sem ákvarða lágmarksröðun skv. 3. grein skal meta persónubundna þætti sem gera viðkomandi náttúrufræðing hæfari í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsmanns. Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram lágmarksröðun ef þeir hafa ekki þegar verið metnir að fullu skv. ákvæðum 3. greinar.

#### 4.1 Námskeið, viðbótarmenntun og sérnám.

Starfsmaður sem aflar sér viðbótarmenntun með námskeiðum eða þátttöku í ráðstefnum sem nýtast í starfi skal hækka sem hér segir:

Námskeið/fagráðstefnur 120t	1 flokkur
Námskeið/fagráðstefnur 240t	1 flokkur
Námskeið/fagráðstefnur 360t	1 flokkur

#### Sérnám:

B.Sc. – 120 einingar	1 flokkur	3%
Mastersnám	3 flokkar	9%
Doktorsnám	6 flokkar	18%

Mat á námi samkvæmt þessari grein tekur gildi fyrstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram.

#### 4.2 Starfsreynsla eftir útskrift.

Eftir 3 ára starf í fagi	1 flokkur
Eftir 6 ára starf í fagi	1 flokkur
Eftir 9 ára starf í fagi	1 flokkur

#### 4.3 Mat á einstökum störfum.

Heimilt er að hækka starfsmann ef starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur. Öll mál fái formlega afgreiðslu og byggi á hlutlægu mati yfirmanns.

- Starfið er umfangsmikið eða fjölbætt
- Starfið felur í sér flókin, sérhæfð eða vandasöm verkefni
- Umfang faglegrar ábyrgðar er mikið

#### 4.4 Fræðsla, vísinda - og ritstörf

Vísindarannsóknir, ritstörf og fræðsla skulu metin með hliðsjón af meðfylgjandi fylgiskjali 1 frá 21. desember 2006.

#### 5. Endurskoðun starfskjara.

Verði misvísun á launakjörum starfsmanna á Reykjalundi úr röðum FÍN og launaþróunar á almennum vinnumarkaði eða innan fagmenntaðra starfsstétta á Reykjalundi getur starfsmaður óskað sérstaklega endurskoðunar á starfskjörum sínum.

#### 6. Endurskoðun stofnanasamnings.

Ef breytingar verða á starfsemi stofnunar eða annar hvor aðili óskar þess er heimilt að endurskoða stofnanasamning þennan.

#### 7. Gildistími.

Samningur þessi gildir frá 1. október 2006.

Það er sameiginlegur skilningur aðila við undirritun samnings þessa að þær hækkningar sem getið er um í 3. grein samkomulagsins um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 18. mars 2005 sem vísað er í í kjarasamningi FÍN og Reykjalundar frá 27. júní 2005 hafi farið fram með núverandi vörpun í launatöflu.

#### 8. Leiðrétting á 2. grein í Kjarasamningi FÍN og RL frá 27. júní 2005.

Greinin skal vera svohljóðandi:

*Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til, og samskipti aðila samnings þessa skal fara eftir öllum form- og efnisákvæðum kjarasamnings FÍN við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á hverjum tíma – svo og fylgiskjöllum og öllum bókunum eftir því sem við á – nema öðruvísi sé sérstaklega um samið í kjarasamningi þessum við Reykjalund. Kjarasamningur FÍN við fjármálaráðherra var síðast endurnýjaður 18. mars 2005 ásamt 2 fylgiskjöllum og 8 bókunum. Kjarasamningurinn liggur fyrir við samningsgerð þessa ásamt fylgiskjöllum og bókunum og hafa báðir aðilar kynnt sér þessi gögn.*

Reykjalundi 21. desember 2006

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Vala Friðriksdóttir  
Marta Guðjónsdóttir

F.h. Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar

Björn Halldórsson  
Jón Þorvaldur  
Hilma Siguríð  
Helgi Kristjánsson

## Fylgiskjal 1.

### Vísinda- og ritstörf

Vísindarannsóknir, birting fræðigreina í ritrýndum tímaritum og kynning fræðilegs efnis á ráðstefnum skal metin til launa.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ýta undir rannsókarstörf, birtingu fræðilegra greina, fræðslu og að fylgst sé með nýjungum í rannsóknar- aðferðum.

Ljúki náttúrufræðingur umfangsmiklu verkefni, getur hann sótt um aukabóknun, enda hafi honum sannanlega ekki verið greitt að fullu fyrir verkefnið með öðrum hætti. Verkefnið skal vera á verksviði stofnunar og samræmast markmiðum hennar í samráði við yfirmann.

Beiðni um aukabóknun skal beina til framkvæmdastjórnar RL. Framkvæmdastjórn ákveði þóknun innan fjögurra vikna frá því að beiðni hefur borist nefndinni.

Við ákvörðun aukabóknunar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi verkefnaflokkum. Full aukabóknun skal miðast við neðangreint hlutfall af launaflokki 11, 1. þrepi.

#### Fræðistörf.

##### Ritverk:

Erlend fagrit (ritrýnd)	50%
Innlend fagrit (ritrýnd)	40%
Birting greina og bókarkafli (ákvörðun ritstjórnar)	33%
Ráðstefnuritgerðir	25%
Greinar í innlend rit og dagblöð	10%

##### Samning fræðsluefnis og undirbúningur fræðslu:

Hönnun og skipulagning námskeiða	15-33%
Fræðsla útávið fyrir hönd stofnunar	2-15%


Með fagrit er átt við innlend og erlend vísindarit, sem birta ritgerðir og greinar einungis eftir sérfræðilega umfjöllun umsagnaraðila (ritrýnd).

Með ráðstefnuritgerð er átt við ritgerð, sem kynnt er á ráðstefnu (þ.m.t. svonefndir „poster“).

Með samningu fræðsluefnis og undirbúningi fræðslu er átt við það t.d. þegar námskeið sem ætlað er að mæta tilteknum þörfum skjólstæðinga eða fagmanna er búið til frá grunni.

Reykjalundi, 21. desember 2006

F.h. Reykjalundar



F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

